

Fjóla félag einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu ítrekar nauðsyn þess að auka fjárveitingu til Sjónstöðvarinnar og Htí til að tryggja þjónustu við okkar hóp.

Báðar þessar stofnanir eru mikilvægar einstaklingum með þessa samþættu skerðingu og er þeim ætlað að auka möguleika þeirra til virkni og þáttöku í samfélaginu til jafns við aðra með áherslu á stuðning til náms, sjálfstætt heimilishalds og að geta tekið þátt í atvinnu og tómstundum. Með þessari þjónustu er hægt að auka lífsgæði og koma í veg fyrir einangrun þessa viðkvæma hóps og minnkað aukin kostnað á kerfið vegna vanvirkni sem hlýst af ef þjónustan verður dregin meira saman.